


## Matur og sjálfbær ferðapjónusta



Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi hefur aukist um meira en 5% á ári síðastliðinn áratug. Um það helmingur gistingu er á landsbyggðinni og því hefur verið litið á ferðapjónustu sem mikilvægan þátt í að skapa aukin atvinnutækifæri og tekjur á landsbyggðinni. Þrátt fyrir framangreinda aukningu hafa staðbundin hagræn áhrif ekki aukist að sama skapi. Með því að styrkja staðbundin matvæli innan ferðapjónustunnar er ekki einungis unnt að auka jákvæð hagræn áhrif hennar heldur einnig félagsleg og umhverfisleg.

Matur og sjálfbær ferðapjónusta er öndvegisverkefni styrkt af Tækniþróunarsjóði. Í verkefninu er unnið að því að styrkja staðbundna matvælaframleiðslu á þremur skilgreindum ferðapjónustusvæðum á Vestur-, Suður- og Austurlandi. Með átaki í aukinni nýsköpun og framleiðslu verður unnið markvisst að því að auka framboð og eftirspurn eftir staðbundnum matvælum innan ferðapjónustunnar á hverju svæði.

Hvert svæði vinnur náið með teymi sérfræðinga og fagaðila sem starfa innan verkefnisins og kallaðir eru inn í uppbyggingarverkefni á hverju svæði fyrir sig. Þannig er hægt að skapa ný atvinnutækifæri, efla hagvöxt og auka sjálfbærni í ferðapjónustu. Forsenda þessa alls er að nýta þá miklu vinnu sem nú þegar hefur farið fram innan svæðanna við að ná fram viðtæku klasastarfi hagsmunaaðila í matvæla- og ferðapjónustu og tengja það við öflugar rannsóknastofnanir sem starfa á landsvísu.




- Lögð er áhersla á að veltan skili sér betur til viðkomandi samfélaga, þar sem dregið er úr aðflutningi matvæla inn á svæðin. Þannig er hagræn sjálfbærni ferðapjónustunnar aukin til muna. Með nálguninni er horft til nýrra atvinnutækifæra í smáframleiðslu matvæla.

- Lagt er upp úr þverfaglegu og virku samstarfi hagsmunahópa á hverju svæði og teymis sérfræðinga frá háskólum og rannsóknastofnunum. Þetta er gert til að vega á móti takmörkuðum aðgangi að sérhæfðri þekkingu í vöruþróun/hönnun matvæla á svæðunum. Með þessu er samfélagsleg sjálfbærni svæðanna aukin til muna og það mun styrkja enn frekar ferðapjónustu á svæðinu með nýjum tækifærum í sölu á afurðum sem veita ferðamönnum tækifæri til að upplifa land og þjóð í gegnum staðbundin matvæli og skapandi iðnað. Ekki er síður mikilvægt að benda á aukin lífsgæði íbúa á svæðunum sem nú búa jafnvel við takmarkað aðgengi að ferskum og heilnæmum matvælum.

- Með aukinni vinnslu afurða innan svæða eykst umhverfisleg sjálfbærni verulega. Þannig styttest allar flutningaleiðir mikið og um leið verður fækkun sótspora matvæla bæði á svæðinu í heild og innan ferðapjónustunnar. Enn fremur dregur einföldun á dreifingu úr soun í ferlinu.





Sérstök áhersla er lögð á að verkefnið skili afurðum sem nýtast til atvinnuuppbyggingar og framlegðar-  
aukningar hjá smáframleiðslu og ferðaþjónustufyrirtækjum sem starfa innan svæðanna þriggja. Jafnframt  
er lögð áhersla á að þær afurðir uppfylli þá kröfu að auka sjálfbærni ferðaþjónustu á svæðinu.

- Nýjar smáframleiðsluafurðir úr staðbundnu hráefni
- Nýjar söluleiðir
- Stefnumótun svæða og stefnumótun heildar
- Mat á sjálfbærni
- Birting vísindagreina

Nánari upplýsingar á [www.msfi.is](http://www.msfi.is)

